# Hálsá Dalvíkurbyggð

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Sædís Gunnarsdóttir
2023

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland



*Höfundur*
*Sædís Gunnarsdóttir*

*Ljósmynd á forsíðu*
Loftmynd sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

1. Aðdragandi vettvangsferðar ........................................................4

2. Niðurstöður ........................................................................................4

3. Heimildaskrá ......................................................................................5

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*3174*

Tilgangur úttektar:
*Kanna hvort minjar eru á skipulagssvæðinu*

Staðsetning:
*Árfarvegur Hálsár Dalvíkurbyggð*

Dagsetning vettvangsferðar:
*12. desember 2023*

# 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar vegna breytingar á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins sem uppfyllir skráningarstaðla Minjastofnunar kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



# 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess,en framkvæmdasvæðið er í og við gamlan árfarveg. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

# 3. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal*. Fornleifastofnun Íslands ses FS204-99094